

Vettvangsferð starfsmanna Bókasafns Hafnarfjarðar í Berlín

Þegar Goethe Institut hætti að starfrækja sjálfstætt þýskt bókasafn á Íslandi, Goethe Zentrum, var svo búið um hnútana að öll safngögnin yrðu færð yfir í Bókasafn Hafnarfjarðar. Þar er búið að skrá og tengja fjölda gagna og enn fleiri eru í vinnslu. Goethe Institut í Danmörku hefur litið til með okkur og sent ný aðföng þegar því er hægt að koma við.

Á haustdögum árið 2008 mætti Beate Detlevs frá Goethe Institut í Kaupmannahöfn, á Landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Hafnarfirði. Upp úr því datt henni í hug að styrkja starfsfólk Bókasafns Hafnarfjarðar í námsferð til Berlínar. Eftir bankahrún, kreppu og mikla skipulagningu, lögðu 15 hressir starfsmenn af stað í fjögurra daga safnaskoðunarferðalag í lok maí 2009.

Aðalatriði ferðarinnar voru að sjálfsögðu bókasöfnin. Fyrsti dagurinn hófst því á skoðunarferð í Philipp Schaeffer Stadtbibliothek Berlin Mitte. Berlín er skipt í 12 svæði og hvert svæði er með sitt eigið kerfi. Berlin Mitte er stærst með fjögur bókasöfn og er góð samvinna þeirra á milli. Söfnin eru með almennt efni en víða að auki að sér fleiri gögnum um sitt sérsvið. Philipp Schaeffer safnið er til að mynda með góðan safnkost tengdan hagræði. Þetta útibú er með um 140.000 gögn, þar af er ¼ hluti annað en bækur. Um 1000 lánþegar leggja leið sína á safnið á degi hverjum. Þrátt fyrir þetta hefur nýtt starfsfólk ekki verið ráðið síðastliðin 10 ár. Philipp Schaeffer bókasafnið hefur þrjár hæðir til afnota og er neðsta hæðin (kjallari) eingöngu helguð börnum og barnabókum. Bókasafnið bar þess merki að reynt er að hagræða og spara á sem flestum sviðum.

Á seinasta degi ferðarinnar var haldið til Humboldt Universität zu Berlin. Þar leiddi Olaf Eigenbrodt starfsmaður við Humboldt-háskóla í Þýskalandi, íslenska bókasafnsfólkið um háskólabókasafnið. Háskólinn er elstur þeirra þriggja háskóla sem eru í Berlín, stofnaður 1810. Háskólabókasafnið var svo stofnað árið 1831 og er í dag með um 6.500.000 safngögn á sínum snærum. Að afloknum stuttum fyrirlestri þar sem hann fræddi fróðfúsa Íslendingana um háskólann og háskólabókasafnið, var haldið í stuttan göngutúr sem endaði í stórrí nýbyggingu. Jacob und Wilhelm Grimm-Zentrum mun hið nýja háskólabókasafn Humboldt háskóla heita. Áætluð verklok eru sumarið 2009. Eigenbrodt lóðsaði agndofa fólkið um stórhýsið, ríflega 20.000 m². Ekki á eftir að væsa um námsþyrsta háskólanema þar á bæ, og rúmt verður um bókakostinn. Þetta var sérlega áhugavert að sjá.

Ekki fóru allir dagarnir í rölt á milli bókasafna, hvort heldur sem þau voru reist á fornum grunni eða stiklað á milli smiða og rafvirkja. Þetta var ekki síður menningarferð. Heill dagur var tekinn í að skoða söfnin á safnaeynni, Museum Insel. Þar er að finna fimm söfn sem eru hvert öðru glæsilegra. Hafnfirsku „pílagrímarnir“ skiptu sér á milli safnanna og drukku í sig menninguna. Alte Nationalgalerie með málalalist, Pergamonmuseum með gripi frá fornöld og Mið-Austurlöndum, Altes Museum sem hýsir gripi frá tímum Forn-Grikkja og Rómverja og Bode-Museum með höggmyndalist, svo dæmi séu tekin.

Schloss Charlottenburg, Checkpoint Charlie, Brandenborgarhliðið, helfararminnismerkið, galleriin í Hackescher Höfe voru einnig á dagskránni.

En síðast, en ekki síst, er vert að nefna lítið safn sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. DDR-Museum er safn um Þýska alþýðulýðveldið. Á meðal safngripa má finna fullbúna stofu og eldhús með öllum tækjum, eins og voru í Austur-Þýskalandi á þeim tímum. Trabant bifreið sem notuð var á þeim árum var einnig til sýnis. Í þessu safni eru safngestir hvattir til þess að skoða, gramsa, opna skúffur, hillur, kirnur og njóta þess að forvitnast um liðna tíð, sem er ekki svo ýkja löngu liðin.

Við sem fórum í þessa starfstengdu námsferð til Berlínar höfðum bæði gagn og ekki síður gaman af. Þökkum við öllum sem styrktu okkur til þessarar farar og gerðu okkur vonandi kleift að verða enn færari en áður um að hýsa og hlú að þýska bókasafninu á Íslandi.

*Guðbjörg Harðardóttir, Guðbjörg Lilja Oliversdóttir,
Katrín Bjarnadóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir
Bókasafni Hafnarfjarðar*